

Enn fremur er bannað að breyta slíkum tækjum eða flytja þau úr þeim stað, **13**
sem leyfisbréfið er miðað við, t. d. flytja þau í land til viðgerðar eða geymslu, **10. jan.**
nema skrifleg heimild eða ósk frá landssímanum komi til í hvert skipti.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari fyrirmæli um notkun radio-sendi-
tækja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, og má ákveða sektir við broti
gegn þeim fyrirmælum.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema
þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Enn fremur geta hlutaðeigendur átt á
hættu, að í skipi, sem brot hefur verið framið í, verði stöðinni tafarlaust lokað,
leyfisbréf og starfsskírteini afturkallað, og sé um alvarlegt eða ítrekað brot að
ræða, að skipinu verði synjað um leyfi til siglinga til Bretlands og samveldis-
landa þess.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi bráðabirgða-
reglugerð frá 30. september 1940 um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í
íslenskum skipum, svo og bráðabirgðareglugerð frá 16. október 1940 um breytingu
á bráðabirgðareglugerð 30. sept. 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra, 10. janúar 1941.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

14

13. jan.

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

2. gr. reglnanna orðist svo:

Í hverju grammi smjörlikis skulu fyrst um sinn vera 4 alþjóðaeiningar af A-fjör-
efni og 1 alþjóðaeining af D-fjörefni, og er miðað við samþykkt nefndar Þjóðabanda-
lagsins á fundi í Lundúnum 1931 um fjörefnaeiningar.

Breyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 61 28. janúar 1935, sbr. lög nr. 32
19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni
frá 22. september 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. janúar 1941

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.